

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um Icesave-reikninga o.fl.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Hver undirritaði viljayfirlýsingu/samkomulag við Hollendinga vegna Icesave-reikninganna í október 2008?
2. Hafa íslensk stjórnvöld undir höndum lögfræðilega úttekt eða álit um það að íslensk stjórnvöld hafi ekki greiðsluskyldu vegna Icesave-reikninganna umfram það sem er í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta?
3. Hvert er innihald bréfs sem fjármálaráðherra ritaði 6. eða 7. nóvember 2008 þar sem Ísland sagði sig frá vinnuferli sem ákveðið var á fundi fjármálaráðherra EES/ESB í Brussel 4. nóvember?

Skriflegt svar óskast.